



## Fundargerð sveitarstjórnar 20.maí 2020

Fundur nr. 39 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 20.5.2020 í Miklagarði kl. 14:00.

**Mætt til fundar:** Axel Örn Sveinbjörnsson, Árný Birna Vatnsdal, Bárður Jónasson, Íris Grímsdóttir, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Teitur Helgason og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Magnús Jónsson, endurskoðandi frá KPMG, Baldur Kjartansson, fjármálastjóri og Sara Elísabet Svansdóttir, starfandi sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar var leitað afbrigða með því að taka fyrst fyrir liðinn „Ársreikningur 2019 – fyrri umræða“ undir Almenn mál. Samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir

#### a. 11.stjórnarfundur SSA 5.5

Lagt fram til kynningar.

#### b. Hreppsráð 7.5

##### i. Reglur um refa- og minkaveiðar í Vopnafjarðarhreppi og drög að samningum um refa- og minkaveiðar

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi þrjú skjöl, „Reglur um refa- og minkaveiðar í Vopnafjarðarhreppi“, „Samningur um minkaveiðar“ og „Samningur um refaveiðar á grenjum (grenjavinnslu)“ og felur sveitarstjóra að gefa þau út og semja við veiðimenn. Samþykkt samhljóða.

##### ii. Ráðning sveitarstjóra

Hreppsráð bókaði á fundi sínum eftirfarandi: „Hreppsráð leggur til við sveitarstjórn að ráða Söru Elísabetu Svansdóttur í starf sveitarstjóra út kjörtímabilið 2018-2022. Söru Elísabetu Svansdóttur er jafnframt veitt leyfi frá störfum skrifstofustjóra á meðan á tímabundinni ráðningu hennar sem sveitarstjóra stendur yfir frá 20.maí 2020 og til loka yfirstandandi kjörtímabils. Samþykkt samhljóða.“ Sveitarstjórn tekur undir þessa bókun og samþykkir hana samhljóða og býður Söru Elísabetu velkomna til starfa.

#### c. 883.fundur stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 8.5

Lagt fram til kynningar.

#### d. Skipulags og umhverfisnefnd 15.5

##### i. Breytingartillaga á aðalskipulagi vegna Þverárvirkjunar og jarðstrengs yfir Hellisheiði

Sveitarstjórn samþykkir að tillagan verði auglýst og kynnt. Samhliða verði deiliskipulagstillaga sem er í vinnslu fyrir Þverárvirkjun kynnt á vinnslustigi. Verður lýsingin auglýst og kynnt þegar deiliskipulagið liggur fyrir og hreppsráð hefur samþykkt tillöguna. Samþykkt samhljóða.

##### ii. Drög að umsókn um greiðslur úr skipulagssjóði vegna endurskoðunar aðalskipulags

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og felur sveitarstjóra að klára að senda inn umsókn um greiðslur úr skipulagssjóði með skipulagsráðgjafa með tillögðum breytingum. Samþykkt samhljóða.

##### iii. Drög að verk- og kostnaðaráætlun fyrir vinnu við endurskoðun aðalskipulags

Lagt fram til kynningar.

##### iv. Skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og samþykkir það að lýsingin verði auglýst og kynnt með tilliti til eftirfarandi breytinga, í kafla 2 á blaðsíðu 6 verður textanum „Gerð verði jarðgöng undir Hellisheiði eystri og endurbýggður vegur uppá Háreksstaðaleið“ breytt í „Gerð verði jarðgöng upp á hérað“. Samþykkt samhljóða.

#### **v. Beiðni Einherja varðandi gamla vallahúsið og gáminn**

Skipulags- og umhverfisnefnd bókaði á fundi sínum: „Beiðnin er ekki í samræmi við deiliskipulag og því er ekki hægt að samþykkja beiðnina eins og hún er lögð fram. Skipulags- og umhverfisnefnd bendir á reiti fyrir áhaldageymslu sem eru á deiliskipulagi.“ Sveitarstjórn tekur undir þessa bókun.

## **2. Almenn mál**

### **a. Ársreikningur 2019 – fyrri umræða**

Lagður fram til fyrri umræðu ársreikningur Vopnafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2019 ásamt endurskoðunarskýrslu. Sveitarstjórnarfulltrúar hafa fengið kynningu á niðurstöðum ársins 2019 ásamt endurskoðunarskýrslu frá endurskoðanda sveitarfélagsins, Magnúsi Jónssyni hjá KPMG.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa ársreikningi 2019 til seinni umræðu.

Magnús Jónsson og Baldur Kjartansson víkja af fundi kl. 15:30.

### **b. Fjárhagsáætlun 2020 – viðauki vegna Vallahúss**

Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2020 lagður fram. Samþykkt samhljóða.

Viðauki 1:

Fjárfesting í vallahúsi fer framúr samþykkt áætlun: 45.000

Aukin lántaka 2020 -58.000

-----  
-13.000

Viðauki 1 hefur ekki rekstaráhrif í för með sér. Sjóðflæðiáhrif eru þau að fjárfestingar hækka um 45 millj. kr og lántaka hækkar um 58 millj. kr.

Sjóður hækkar því um 13 millj. kr.

### **c. Húsnæðismál – stofnframlag**

Teikningar, drög að samningi við Hrafnshól og samantekt á kostnaði lagt fram. Sveitarstjórn samþykkir að ganga að verksamningi við Hrafnshól með fyrirvara um fjármögnun og er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram. Samþykkt samhljóða.

### **d. Vopnafjörður – uppfært byggðarmerki**

Uppfært byggðarmerki Vopnafjarðarhrepps og umsókn um nýtt byggðarmerki lagt fram.

Sveitarstjórn samþykkir uppfært byggðarmerki og felur sveitarstjóra að klára umsókn um byggðarmerkið til Hugverkastofunnar. Samþykkt samhljóða.

## **3. Bréf til sveitarstjórnar**

### **a. Bréf frá EFS – Fjármál sveitarfélaga í kjölfar COVID-19**

Lagt fram til kynningar.

## **4. Skýrsla sveitarstjóra**

Sveitarstjóri fór yfir verkefni sín og svaraði spurningum sveitarstjórnar.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 17:08.

[Fundargögn](#)